

7. gr.

32. gr. orðist svo:

Ef leik hefur af einhverjum orsökum verið flýtt og upplýsingar þar að lútandi hafa ekki borist Íslenskum getraunum í tæka tíð til að loka fyrir sölu leiksins, telst leiknum ekki hafa lokið innan umferðar hjá þeim sem spiluðu eftir að leikur hófst. Þeir munu þá fá leikinn endurgreiddan með vinningsstuðli 1,00, óháð því hvernig raunveruleg úrslit leiksins urðu. Til grundvallar verður einungis stuðst við tímaskráningu í aðaltölvum Íslenskrar getsþár og Íslenskra getrauna.

8. gr.

Í stað „15.000 kr.“ í 1. og 2. mgr. 39. gr. komi: 25.000 kr.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 45.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 24.000 krónur að lágmarki og 240.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysaftryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.500.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.